Fregnir

Soroptimistasamband Íslands 45. árg. desember 2019 nr. 120

HVATNING SOROTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.

Ritnefnd, frá vinstri: María Karlsdóttir, Guðný Hinriksdóttir, Kristjana Jónsdóttir ritstjóri, Svanfríður Hjaltadóttir, Eiríka Ásgrímsdóttir og Sigrún Arnardóttir.

Fregnir er málgagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is
Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna. Vinsamlegast sendið efnið á netfangið **www.fregnir2018@gmail.com** fyrir 1. mars 2020.

Forsíðumynd: Er frá Árbæjarsafni og sýnir höggmynd Ásmundar Sveinssonar, Kona að strokka, frá árinu 1934. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Mats Wibe Lund. Ljósmynd@Mats Wibe Lund
Eiginkona Mats Wibe Lund var Arndís Ellertsdóttir en hún var stofnfélagi í Árbæjarklúbbnum og tók virkan þátt í starfi hans þar til hún lést árið 2015.
Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is
Prófarkalestur: Jón Baldvin Halldórsson.
Prentun: Litlaprent, Kópavogi.

Frá ritnefnd

Kæru systur

Fullvel man ég fimmtíu ára sól,
fullvel meir en hálfrar aldar jól,
man það fyrst, er sviptur allri sút
sat ég barn með rauðan vasaklút.

Lát mig horfa á litlu kertin þín:
Ljósin gömlu sé ég þarna mín!
Ég er aftur jólaborðin við,
ég á enn minn gamla sálarfrið.

Matthías Jochumsson

Jólin 1891 voru hátíð eins og þau eru enn í dag. Eins og skáldið rifjar upp í ljóðinu man hann enn jólaandann og gleðina yfir rauðum vasaklút og kertaljósi. Þetta ljóð er okkur Árbæjarsystrum hugleikið. Það er ætíð sungið á jólafundi klúbbsins og leiðir klúbbsystir okkar, Sigurlaug Kristjánsdóttir, sönginn en á bernskuheimili hennar á Siglufirði var til siðs að syngja ljóðið á jólunum.

Í þessu 120. blaði Fregna er borið víða niður. Pistill forseta er að venju hvetjandi og margar áhugaverðar greinar eru frá starfi klúbba og fjölbreyttum verkefnum þeirra.

Þessa dagana er sextán daga átak Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi ,,roðagyllum heiminn" áberandi hjá Soroptimistum um allan heim og er það einnig í þessu blaði. Ótrúlegt en satt þá eru sextíu ár liðin frá stofnun fyrsta Soroptimistaklúbbsins á Íslandi, Reykjavíkurklúbbsins, en systur í klúbbnum segja frá afmælisferð þeirra til Glasgow. Óskar ritnefndin þeim hjartanlega til hamingju með afmælið. Jólakveðjur eru fyrir löngu orðnar fastur liður í jólablaðinu en gegnum þær og greinar blaðsins má finna kærleik og systraþel sem gengur sem rauður þráður gegnum blaðið og einnig má skynja hve mikla gleði og lífsfyllingu það gefur að vera Soroptimisti.

Kæru systur! Við sendum ykkur okkar bestu óskir um gleðileg jól og þökkum samstarfið á árinu sem er að líða. Óskum ykkur farsældar á nýju ári.

Með systrakveðju
Ritnefndin

Nýr dagur

Það er alltaf nýtt líf,
það eru alltaf ný tækifæri,
það er eins víst
og að það kemur nýr dagur.

Þó hjartað bresti,
þó sorgin nísti,
þó tárin renni,
þó ástin kveðji.

Þó sólin setjist í kvöld
þá kemur hún aftur upp
að morgni

Þú skalt rísa með henni.

Þórarinn Hannesson

Kæru systur

Annað ár mitt í embætti forseta líður á ógnarhraða. Já, tíminn líður svo ótrúlega fljótt og gaman að finna hve mikill kraftur býr í samtökum okkar.

Undanfarin ár hafa samtökin UN Women hér á landi staðið fyrir ljósagöngu 25. nóvember en sá dagur er alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi. Frá 1991 hefur tímabilið frá þessum degi til 10. desember, sem er alþjóðlegur mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna, verið kallað 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi til að vekja athygli á þessum mannréttindabrotum.

Svo er 10. desember er einnig dagur Soroptimista en við tengjum okkur víða við Sameinuðu þjóðirnar. SI hefur hvatt okkur til að taka virkari þátt og sameinast í þessu átaki, ákalli og vitundarvakningu. Við veljum að kalla þessa 16 daga **„Roðagyllta daga“**, en átakið er kallað á ensku „Orange the World“, eða roðagyllum heiminn. Við munum hvetja klúbbana til að vekja athygli á þessu og taka þátt á sinn hátt. Nokkrir soroptimistaklúbbar hafa tekið þátt í ljósagöngunni undanfarin ár í sinni heimabyggð og er notalegt að heyra hve margar ætla að vera með í ár. Boðunarkona okkar og verkefnastjórar hafa borið hita og þunga af þessum undirbúningi.

SIÍ mun í þessu átaki einnig afhenda formlega styrk okkar til Kvennaathvarfsins, en fjöldi klúbba hefur einnig styrkt það verðuga verkefni.

Þegar þing og fundir Soroptimista eru sóttir erlendis þá er eitt af því sem fyllir okkur stolti hve Soropimistar út um allan heim styrkja mörg og fjölbreytt verkefni. Nú síðast bæði á alþjóðaþinginu í Kuala Lumpur í sumar og á sendifulltrúafundinum í Zagreb í vor fékk ég að upplifa það enn einu sinni. Næsti sendifulltrúafundur er í París í júní og hvet ég ykkur, kæru systur, til að kynna ykkur starf systra í Evrópu, en þessir fundir eru nú opnir öllum systrum. Svo má ekki gleyma Norrænu vinadögunum í Sundvolden í Noregi 5.-7. júní í sumar, en nýverið var opnað fyrir skráningu. Hvernig væri að fjölmenna þangað? Það er svo gaman að fara saman, styrkir líka systrasamband okkar hér heima.

Undirbúningur jólanna er víða að hefjast og er alltaf jafn notalegt að sameinast í undirbúningi þeirra og stemningunni sem fylgir.

Kæru systur, mínar bestu óskir um notalega aðventu og gleðilega jólahátíð. Megi nýtt ár verða ykkur og okkur öllum gæfuríkt. Ég hlakka til samstarfs á nýju ári og megi það halda áfram að efla okkur í leik og starfi.

Ingibjörg Jónasdóttir
Forseti SIÍ 2018-2020

BLEIKUR OKTÓBER
HJÁ AUSTURLANDSSYSTRUM

Á haustdögum barst okkur í Austurlandsklúbbi beiðni frá foreldrafélagi leikskólans Tjarnarskógar á Egilsstöðum þess efnis hvort við gætum tekið að okkur að hanna og sauma poka fyrir félagið. Pokunum er ætlað að koma í stað einnota plastpoka undir fatnað og annað smálegt sem taka þarf með heim úr leikskólanum og ætlaði foreldrafélagið að kaupa pokana af klúbbnum. Klúbbsystur samþykktu að verða við þessari ósk og hófust strax handa við undirbúning. Finna þurfti efni sem væri auðvelt að þvo og þornaði fljótt. Hugmyndin small niður í kollinn á einni systurinni, „útrunnir" kvennahlaupsbolir voru málið. Haft var samband við Sjóvá, sem er stuðningsaðili kvennahlaupsins. Þar var okkur afar vel tekið en vísað til ÍSÍ sem á bolina. Á skrifstofu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands var talið alveg sjálfsagt að láta okkur fá boli í verkefnið og fannst þeim hugmyndin frábær. Við vorum á hárréttum tíma því í þeirri viku ætlaði sambandið að losa sig við afgangs boli frá hlaupinu 2019. Velunnari Austurlandsklúbbs í borginni sótti bolina og flutti þá til okkar. Þar spöruðum við drjúgan pening. Einnig var sú ágæta kona sett í það að finna teygjur á góðu verði. Þegar efnið var komið á staðinn var hægt að hefjast handa. Þá vildi svo vel til að einni systur í klúbbnum var falið að gæta bús og barna fyrir dóttur og tengdason sem brugðu sér til útlanda. Þau voru varla komin úr augsýn þegar við höfðum breytt heimilinu í saumastofu sem fékk nafnið **„Bleikar og beyglaðar"** enda bolirnir bleikir og við dálítið beyglaðar. Saumastofan var opin allan daginn, þannig að systur gátu komið og farið eftir tíma og hentugleikum. Verkið tók u.þ.b. 70 klst. og afraksturinn var 374 pokar. Á nóvemberfundinum var ákveðið að afhenda öllum leikskólunum á starfssvæði klúbbsins poka án endurgjalds. Þetta reyndist vera fyrirtaks umhverfis- og samfélagsverkefni sem var unnið af kærleika og gleði. Forsjónin raðar upp tækifærunum fyrir mann bara ef maður gefur henni færi á því. Að lokum skal þess getið að hjónin fengu heimilið sitt fullt af þakklæti og börnin sluppu alveg ósködduð frá þessu enda alþekktur sannleikur að því fleiri ömmur því betra.

F.h. Austurlandsklúbbsins
Kristjana Björnsdóttir

BJÖRGIN FÆR STYRK FRÁ KEFLAVÍKURKLÚBBI

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur færði Björginni, Geðræktarmiðstöð Suðurnesja styrk undir lok síðasta starfsárs. Við styrknum tók Díana Hilmarsdóttir forstöðumaður Bjargarinnar úr höndum Súsönnu Bjargar Fróðadóttur formanns klúbbsins. Styrkurinn var ágóði fjáröflunarkvölds sem klúbburinn hélt.

Súsanna Björg afhendir Díönu styrkinn

Björgin er eitt þeirra athvarfa sem notið hafa góðs af starfssemi Soroptimistaklúbbs Keflavíkur. Björgin tók til starfa árið 2005 og var markmið starfseminnar frá upphafi að bæta þjónustu við og rjúfa félagslega einangrun þeirra sem glíma við geðraskanir. Mikið af rekstrarfé Bjargarinnar kemur frá velunnurum á Suðurnesjum.

Í Björginni er boðið upp á margvísleg námskeið, hópatíma, ráðgjöf, utanumhald og eftirfylgni. Einnig býður miðstöðin upp á tíma hjá geðlækni sem kemur í Björgina einu sinni í viku. Þó að Björgin sé ekki meðferðarstaður hefur miðstöðin ákveðið meðferðarígildi. Þátttaka í starfseminni getur dregið úr stofnanainnlögn auk þess sem Björgin er viðurkennt endur hæfingarúrræði. Alls 8.582 heimsóknir voru í Björgina árið 2018, að meðaltali 36 á dag.

Fleiri konur en karlar eru þiggjendur þjónustu Bjargarinnar. Flestum er vísað frá Virk eða Samvinnu, geðsviði LSH og velferðarsviði Reykjanesbæjar. Þjónustuþegar koma einnig að sjálfsdáðum.

Svanhildur Eiríksdóttir
Keflavíkurklúbbi

NÝTT FYRIRKOMULAG
Á ÞVÍ AÐ GERAST SOROPTIMISTI

Eins og þið vitið systur hefur verið mikið talað um fækkun Soroptimista og hvað væri til ráða að snúa þeirri þróun við. Þetta á ekki við um öll lönd í Evrópusambandinu en þó mjög mörg. Reyndar hefur okkar aðeins fjölgað á Íslandi. Auk þess stendur til að stofna Afríkusamband og þá yfirgefa systur okkar frá Afríku Evrópusambandið.

Það hefur aðallega verið rætt um tvær hugmyndir. Annars vegar e-meðlimi (sýndarmeðlimi) og hins vegar breytt fyrirkomulag á inngöngu í hefðbundna klúbba. Þessi breyting hefur þegar átt sér stað hjá SIGBI og SIA. Sum landssambönd SIE hafa líka breytt þessu hjá sér t.d. Frakkland og Holland. Evrópusambandið setti á laggirnar verkefnanefnd til að kynna þessar hugmyndir og koma með tillögur um breytingar á lögum og reglugerð vegna þessa.

Breytt fyrirkomulag á inngöngu í klúbb felst í því að í stað þess að kona þurfi að bíða eftir því að vera boðið í klúbb þá fer hún á heimasíðu Landssambandsins og sækir um að gerast Soroptimisti. Nú þegar býður Evrópusambandið upp á það að konur hafi samband sjálfar að fyrra bragði og láti vita í hvaða klúbb þær hefðu áhuga á að ganga í. SIE kemur því síðan á framfæri við viðkomandi Landssamband. Þetta ætti þá að gerast eins hjá Landssambandi. Kona sækir um að gerast meðlimur í ákveðnum klúbbi og Landssambandið sendir ósk hennar á klúbbinn. Núna eru reglur um að ekki megi taka inn konur í sömu starfsgrein fyrr en fimm ár eru liðin frá því að síðast var tekin inn kona í þeirri starfsgrein. Í nýjum tillögum af klúbbalögum frá Evrópusambandinu er talað um að klúbbar eigi að stefna á að hafa systur í sem flestum starfsgreinum. Þar er ekkert talað um tímatakmörkun. En í framkvæmd hefur það verið þannig hjá okkur að við höfum gefið t.d. kennurum ýmis starfsheiti og þannig náð að leysa svoleiðis vandamál. Því við viljum að okkur fjölgi til þess að við höfum meiri slagkraft og ætlum auðvitað að taka vel á móti góðum konum. Umsóknin yrði þá tekin fyrir í starfsgreinanefnd/útbreiðslunefnd viðkomandi klúbbs og ef konan mætir öllum kröfum sem við gerum þá yrði hún í framhaldinu samþykkt í klúbbinn. Mörg Landssambönd í SIE hafa þegar breytt þessu hjá sér og þið skuluð endilega skoða hvernig þau hafa gert þetta t.d. þessi:

•*https://www.soroptimist-danmark.dk/*

•*https://www.soroptimist.fr/*

•*https://www.soroptimist.nl/nl/*

E-meðlimur (sýndarmeðlimur) er hugtak sem ég hef áður skrifað um í Fregnir. Verkefnanefnd Evrópusambandsins hefur unnið þetta meira og eftir fleiri „samtöl“ þá hefur þessi hugmynd þróast. Auk þess höfum við lært af þeim sem þegar eru búnar að taka þetta í notkun. Þetta hefur verið gert á tvenns konar máta. Annars vegar hefur konum sem einhverra hluta vegna ætla að hætta, verið boðið að gerast e-meðlimir í sínum klúbbi. Hins vegar hafa verið stofnaðir e-klúbbar og í þeim eru allir meðlimir e-meðlimir.

Systur sem hafa gerst e-meðlimir í sínum klúbbum eru „virkir“ meðlimir með fullt félagsgjald. Þær virðast vinna þetta mjög einstaklingsbundið. Sumar mæta á fundi þegar þær geta og aðrar alls ekki. Nú er auðvitað ekkert mál að streyma fundum en eftir því sem ég hef heyrt þá er það ekki gert fyrir þessa systur en auðvitað væri það hægt.

Það er bara Landssamband sem getur stofnað e-klúbb. Hugmyndin er sú að e-klúbburinn eigi guðmóður og allt fyrirkomulag við stofnun sé eftir hefðbundnum hætti, með skráningu í Landssambandið og skráningu hjá opinberum aðilum svo viðkomandi klúbbur geti fengið kennitölu og stofnað bankareikning. Þarna er gert ráð fyrir að hver og ein e-systir eigi líka guðmóður. Alveg eins og er núna þar sem sú sem mælir með konunni á að halda utan um hana, sérstaklega til að byrja með. Fundirnir eru auðvitað í netheimum og það er gert ráð fyrir jafn mörgum fundum og við höfum sem erum í hefðbundnum klúbbi. Ef hægt er þá er mælt með að haldinn sé einn fundur á ári í raunheimi. Hugsanlega væri ekki mögulegt fyrir allar konurnar að mæta vegna fjarlægðar eða veikinda. Þetta gæti hugsanlega verið aðalfundur.

Þetta er allt enn í mótun og það er ekki búið að svara öllum praktískum atriðum. En með því að hafa e-klúbba þá er hugmyndafræðin sú að ná til yngri kvenna sem eru vanar að hafa sín samskipti mikið í netheimi. Holland byrjaði á því að hafa konur sem vildu verða e-meðlimir í sínum klúbbi og núna var verið að stofna fyrsta e-klúbbinn þar í landi. Þær völdu að setja aldurstakmark. Þannig að eitt af skilyrðunum er að viðkomandi kona þarf að vera á aldrinum 18-35 ára.

Verkefnanefnd Evrópusambandsins sér e-klúbba sem möguleika á að fjölga Soroptimistum. Þetta væri leið fyrir konur sem hafa ekki áhuga á hefðbundnum klúbbum en vilja taka þátt í starfi Soroptimista. Þannig væri líka hægt að höfða til yngri kvenna sem við viljum auðvitað ná til. Með þessu ættum við að öðlast meiri slagkraft.

Á síðasta Haustfundi var þetta kynnt og myndaðir vinnuhópar til að fá samtal um þessar hugmyndir. Endilega kynnið ykkur það á vefnum okkar. Þetta efni er undir Haustfundur. Bæði glærurnar og niðurstöður úr vinnuhópunum.

Margrét Rögnvaldsdóttir
Formaður laganefndar

FYRSTU ÁRIN:

MINNINGARBROT STOFNSYSTRA SEM ENN STARFA Í SOROPTIMISTAKLÚBBI AKRANESS

Höfundar: Dúfa Stefánsdóttir, Aðalheiður Ása Jónsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Ingveldur Sverrisdóttir og Ólöf Jóna Haraldsdóttir.

Það gekk ekki mjög vel að koma klúbbnum saman. Halldóra Eggertsdóttir frá Landssambandinu var óþreytandi að keyra fyrir Hvalfjörð og boða konur á fundi til að freista þess að mynda nýjan klúbb. Einhverjum fannst kannski allar þessar upplýsingar og allir þessir pappírar vera yfirþyrmandi. Öðrum þótti þær kannske ekki rísa undir öllum þessum kröfum um framúrskarandi siðgæði og viðamikla samfélagsþjónustu og hikuðu við að skuldbinda sig til framtíðar. En að lokum náðust 18 konur til að stofna klúbb og var það gert með stofnfundi og hátíðarhöldum á Hlöðum Hvalfjarðarströnd 15. október 1983.
Það bættust fljótlega fleiri í hópinn og aðrar hættu eins og gengur.

Greinarhöfundarnir Dúfa, Ingveldur, Ingibjörg Sig., Ása Jóns. og Lóa

Fundir voru þá og voru reyndar lengi haldnir á heimilum systra. Það voru oftast 2 systur sem sáu um að undirbúa hvern fund, önnur sem lagði til húsnæði og bakaði þá minna og hin kom með bakstur; alltaf hlaðborð af fínum tertum og alls konar brauðréttum. Við héldum vinnustaðafundi þar sem systur fengu aðgang að vinnustað sínum, þannig héldum við fundi í skólum og í fundarsal á sjúkrahúsinu, einnig var farið í sveitina og fundað í sumarbústöðum systra.
Stofnformaður klúbbsins var Guðrún Hjálmarsdóttir. Hún og stjórnin fóru strax að leita að verkefnum fyrir klúbbinn til að láta gott af sér leiða og finna leið til fjáröflunar.

Fyrsta fjáröflunin fólst í því að ein systranna, Vilhelmína Gunnarsdóttir listakona, gaf klúbbnum afnot af tveimur fallegum klippimyndum sem við létum prenta kort eftir í tveimur stærðum. Við seldum kortin innan klúbbsins og þau voru það fyrsta sem við mættum með á Haustfundi og Landsambandsfundi. Seinna létum við sauma Soroptimist á baðhandklæði og seldum. Einn fallegan sumardag seldum við

Erla Tómasdóttir, Guðrún Hjálmarsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Ingveldur Sverrisdóttir, Anna Björnsdóttir og Hanna S. Jóhannsdóttir.

vöfflukaffi og fleira á Akratorgi, við tókum þátt í jólabasar í Hlaðvarpanum og seldum brodd í Kolaportinu ásamt fleiru. Seinna varð pönnukökusala í fyrirtæki á bóndadaginn okkar aðal fjáröflun.

Við fengum reit í skógræktinni á Akranesi til að planta trjám og seinna gróðursettum við trjáplöntur í hlíð í Ferstiklulandi og héldum þá vorfundi í Ferstikluskála og hlúðum að þessum plöntum í leiðinni. Við gróðursettum tré og runna í beði meðfram lóð sambýlisins við Vesturgötu og í mörg ár var farið á vorkvöldi og hreinsað illgresi og rusl úr beðunum. Sambýlið var reyndar aðal styrkþegi klúbbsins fyrstu árin og fólst sá styrkur í kaupum á jólagjöfum, veittur var styrkur til kaupa á bíl og ferðastyrkir. Við keyptum einnig lyftustól til að setja í Bjarnalaug og er hann enn í notkun. Síðar gáfum við Dvalarheimilinu Höfða tvo lyftihægindastóla.

Klúbbnum var falið að setja upp listsýningu sem haldin var á M-dögum í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Tíu konur kallaðist sýningin og það voru einmitt 10 konur sem tengdust Akranesi sem sýndu verk sín. Á sjötta hundrað gestir komu á sýninguna og fyrir utan að skipuleggja sýninguna bökuðu klúbbsystur smákökur og seldu með kaffi.
Ýmislegt var líka gert sér til gamans. Leikhúsferðir og bíóferð til Reykjavíkur eru minnistæðar, þá voru göngin ekki komin og því meira mál að skreppa í borgina. Ferð um Snæfellsnes, skoðunarferð um Hvalfjörð með frábærri leiðsögn um sögustaði sem við höfðum flestar ekki haft hugmynd um og alltaf vorum við heppnar með veður.

Systur fluttu burtu en sumar héldu tryggð við klúbbinn og við héldum fundi í Mosfellsbæ og Reykjavík hjá brottfluttum systrum og það komu nýjar systur inn með nýjar hugmyndir. Á 10 ára afmæli klúbbsins leigðum við sumarbústað í Grímsnesi og gistum þar og skemmtum okkur vel. Minnisstætt var þegar Rauðhetta var sett í leikbúning og þegar bornar voru fram kökur með logandi kertum. Á þessum árum vorum við duglegar að fara á Landssambandsfundi og Haustfundi sem þá voru haldnir í Munaðarnesi. Við vildum kynnast starfi annarra klúbba og fræðast um störf og tilgang hreyfingarinnar. Við höfum verið heppnar að fá frábærar konur í klúbbinn sem hafa starfað með okkur öll þessi ár. Núna er klúbburinn 36 ára, systur eru orðnar 41 og framtíðin björt.

Dúfa, Ása Jóns., Ingveldur, Ingibjörg Sig. og Lóa.

VIÐ HÚNAFLÓA

HUGRENNINGAR SYSTUR UM ÞAÐ SEM SOROPTIMISTAR HAFA LEITT TIL AF ÖRLÆTI.

Hátíðarstund full af eftirvæntingu, kærleika, fræðslu og virðingu er klúbburinn „Við Húnaflóa“ var stofnaður í nóvember 2011. Kynni af svo mörgum systrum sem hafa þróast í vináttu og umhyggju. Ógleymanlegt og dýrmætt.
Fundir okkar sem haldnir voru víðs vegar um svæðið, þannig að vegalengdir dreifðust nokkuð jafnt á systurnar ávísun á jafnræði og virðingu.

Þátttaka í hinum mikilvægu verkefnum á vettvangi þriðja heimsins svo sem í vatnsveitum og ljósmæðratöskum.
Gleði yfir því að geta auðgað menningu svæðisins með tónleikahaldi sem systur önnuðust með aðstoð annarra kvenna og einnig karla. Leitast er við fá ungt hæfileikafólk í tónlist til að gefa af sér til samfélagsins, sannkallaðir gleðigjafar.

Viðurkenning á störfum okkar þegar við stöndum fyrir námskeiðum fyrir 11 ára stúlkur í sjálfstyrkingu og sjálfstæði en þar sameinast báðar Húnavatnssýslurnar. Við höfum notið mikillar velvildar hjá fyrirtækjum, sveitarfélögunum fjórum ásamt einstaklingum með myndarlegum framlögum sem má túlka sem samhug, virðingu og skilning.

„Mætum ætíð með bros á vör því með brosi byrjar kærleikurinn“.

Ánægju í samfélögunum þegar boðið er til árlegra súpufunda með áhugaverðum og þekktum fyrirlesurum sem fjalla um ýmis þarfamál og hafa alltaf náð eyrum og hjörtum áheyrenda sem hafa flykkst til okkar.

Eftirvænting þegar haustfundir og Landssambandsþing fara fram með fræðslu í fyrirlestrum, frásögnum um t.d. samskipti við klúbba, innanlands og utan, nefndarstörfum, skemmtunum og uppákomum, ákvörðunum um alþjóðaverkefni og fleira ásamt nýjum kynnum og styrkingu þeirra eldri. Ómetanlegar gæða-og gæfustundir.

Gleði yfir að geta lagt okkar af mörkum, t.d. með átakinu „Roðagyllum heiminn, Soroptimistakonur segja nei við ofbeldi“ sem við tökum fagnandi og munum kynna á jólabasar á Hvammstanga og víðar. Nokkrar mættu roðagylltar á nóvemberfundinn.

Tilhlökkun vegna fundarhalda okkar þar sem áhugi, ósérhlífni, áræði og dugnaður einkennir systurnar en líka gleði yfir samvistum og þökkum fyrir innihaldsrík „ego“ erindi og reynslufrásagnir. Ógleymanlegar heimsóknir til annarra klúbba þar sem móttökur hafa verið ljúfar og fallegar, vinátta mynduð og styrkt ásamt auknu víðsýni sem eflir og þroskar. Þakklæti yfir því að geta saman veitt styrki m.a. nú til þeirra sem líða vegna ofbeldis og þannig sýnt kærleika okkar í verki.

Mér hefur orðið tíðrætt um gleðina og kærleikann.
Móðir Teresa sagði: „Mætum ætíð með bros á vör því með brosi byrjar kærleikurinn.“

Megi helgi jólanna færa okkur öllum gleði, kærleika og frið og nýja árið verða okkur farsælt og gæfuríkt.

Kristín Árnadóttir, Borðeyri

Kæru systur
Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar bestu jóla- og nýárskveðjur.
Þökkum gott samstarf og ánægjulegar samverustundir.
Systur í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella

Kæru systur
Á árinu höfum við hitt margar systur á hinum ýmsu uppákomum og þökkum við gefandi samskipti og ánægjuleg kynni.
Óskum öllum systrum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Megi jólahátíðin færa ykkur frið.
Soroptimistaklúbbur Grafarvogs

Hugheilar jóla- og nýárskveðjur
til systra um land allt
Þökkum ánægjulegar samverustundir á árinu
Soroptimistaklúbbur Austurlands
Gleðilega hátíð


Kæru Soroptimistasystur!
Við Soroptimistar á Akranesi óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla, friðar og blessunar á komandi ári.
Þökkum góðar samverustundir á liðnu starfsári og liðinni tíð.
Hátíðarkveðjur
Akranesklúbburinn

Kæru Soroptimistasystur og fjölskyldur ykkar
Megi jólahátíðin færa ykkur hlýju í hjarta og birtu í hug.
Með ósk um farsæld á nýju ári
og þakkir fyrir góðar stundir á liðnum árum.
Jólakveðja frá
Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis

Við óskum Soroptimistasystrum
og fjölskyldum þeirra um land allt
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum fyrir góðar kveðjur
á afmælisárinu og stuðning
frá systrum á Góðgerði
Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur

Soroptimistaklúbbur Akureyrar
sendir öllum systrum og fjölskyldum þeirra
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
Jólakveðja frá Akureyri

Kæru Soroptimistasystur
Við sendum okkar bestu óskir
um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.
Soroptimistasystur á Tröllaskaga

Systur í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur
senda bestu jóla- og nýárskveðjur
til systra og fjölskyldna þeirra
með þökk fyrir ánægjulegar samverustundir
á árinu sem er að líða.
GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Sælar kæru systur
um land allt.
Sendum ykkur hugheilar jóla-
og nýárskveðjur, með þökk fyrir
ánægjulegar samverustundir
á liðnum árum.
Hlökkum til endurfunda.
Soroptimistasystur Við Húnaflóa.

Kæru systur og fjölskyldur
Okkar bestu óskir um gleðiríka jólahátíð og farsæld á nýju
ári. Þökkum samstarfið á árinu.
Hátíðarkveðja frá systrum í Árbæjarklúbbi

Við óskum Soroptimistasystrum og fjölskyldum þeirra um land allt
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Við þökkum fyrir ánægjuleg og gefandi samskipti á liðnum árum.
Megi ljós og friður jólanna lifa með okkur öllum.
Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness

Gleðilega hátíð
Kæru systur
Hjartanlegar óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári.
Þökkum ánægjulegar samverustundir á liðnum árum.
Soroptimstaklúbbur
Hafnarfjarðar og Garðabæjar

Kæru systur um land allt!
Við sendum ykkur og fjölskyldum ykkar
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
og óskum ykkur farsældar á komandi ári.
Þökkum góðar samverustundir á árinu
og hlökkum til samverunnar á nýju ári.
Vináttukveðja
frá systrum í Skagafjarðarklúbbi

★★★
Kæru systur!
Við sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg samskipti
á árinu sem er að líða.
Soroptimistaklúbbur
Bakka og Selja

Kæru systur
Við sendum ykkur
okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár
takk fyrir samverustundir á líðandi ári.
Jólakveðja
Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar

Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi árum.
Þökkum allar góðar systrastundir á liðnum árum.
Hlökkum til að taka á móti ykkur á vorfundinum í apríl.

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA SÍÐAN 1995

Síðumúla 27
Sími 588 4477
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.
692 6906

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Anna Gunnarsdóttir er systir í Grafarvogsklúbbi.

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

60 ára

60 ÁRA AFMÆLISFERÐ
SOROPTIMISTAKLÚBBS REYKJAVÍKUR

Í tilefni stórafmælis Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur ákváðum við systur að fagna tímamótunum með eftirminnilegum hætti. Anna Þórðardóttir, formaður klúbbsins, kom með þá hugmynd að félagar myndu leggja land undir fót og það var einróma samþykkt.

Afmælisdagur klúbbsins er 19. september en í ár eru 60 ár liðin frá stofnun hans. Árið 1959 ákvað danski Soroptimistinn Helga Demcher að stofna samtökin á Íslandi og varð þar með guðmóðir klúbbsins. Stofnfélagar voru 18 konur á aldrinum 34-61 árs.

Ferða- og skemmtinefnd klúbbsins lagðist undir feld með ferðatilhögun og ákvað síðan í samráði við Önnu að fara til Glasgow.

Á sjálfan afmælisdaginn, 19. september, lögðu 29 ferðafélagar í hann, 17 systur og 12 makar. Eftir flugferð frá Keflavík komu félagar sér fyrir á Hampton Hilton hótelinu sem er á besta stað í miðbæ Glasgow. Um miðjan dag var svo teboð, Afternoon tea, sem systur í Soroptimistaklúbbi Glasgow höfðu skipulagt á Macintosh at the Willow, kaffihúsi sem hannað er af heimsfrægum arkitekt, Charles Rennie Macintosh. Við áttum góða stund með skosku systrunum, fræddumst um þeirra klúbb og þær um okkar. Skipst var á gjöfum.

Á föstudeginum fóru 25 manns með rútu til Edinborgar. Inga Geirsdóttir, leiðsögumaður í skotgöngu stjórnaði ferðinni. Það var skemmtileg ferð í alveg dásamlegu veðri. Sameiginlegur kvöldverður var á ítölskum veitingastað.

Laugardagurinn var frjáls en um kvöldið var afmæliskvöldverður og fundur á skoskum veitingastað. Þar flutti Sigrún Klara Hannesdóttir afmælisræðu. Það má nú nefna að svo skemmtilega vildi til að formaður klúbbsins átti afmæli þennan dag.

Ferðin leið eins og hendi væri veifað og áður en við vissum af var kominn sunnudagur og við sest upp í flugvél á heimleið til Íslands.

Það voru sælir ferðafélagar sem lentu 22. september á Keflavíkurflugvelli eftir góða ferð og einstakt blíðskaparveður í Skotlandi.

F.h. systra í Reykjavíkurklúbbi
Guðbjörg Jónsdóttir

VÖFFLUR, KAFFI OG SAMVERA Á AÐVENTU Í KÓPAVOGI

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi hefur löngum verið samofið Soroptimistaklúbbi Kópavogs enda átti klúbburinn frumkvæðið að stofnun þess árið 1979.
Dagdvölin í Sunnuhlíð var síðan stofnuð 17. nóvember 1989 og átti því 30 ára afmæli í ár.
Í nokkur ár hefur Kópavogsklúbbur boðið íbúum og gestum Dagdvalar Sunnuhlíðar upp á kaffi og vöfflur í tengslum við basar sem Dagdvölin hefur haldið fyrir jólin.
Nú á 30 ára afmælinu þann 17. nóvember síðastliðinn var ekki brugðið út af þessari venju. Systur mættu galvaskar í vöfflubakstur og brátt tók vöfflulyktin að berast um húsið og nágrenni þess. Bakaðar voru vöfflur úr 10 kílóum af vöffludufti og hellt upp á marga lítra af kaffi.
Við systur vorum einnig með kökubasar og fjáröflunarvörur til sölu.
Það var fjölmennt og komu gestir víða að úr Kópavogi. Góð stemning var í salnum. Ræður voru fluttar í tilefni afmælisins, spilað á harmóniku, söngdíva söng nokkur lög og Kvennakór Kópavogs skemmti.
Þessi dagstund sem við Kópavogssystur eigum árlega með eldri borgurum bæjarins er afar ánægjuleg og íbúar eru ákaflega þakklátir fyrir tilbreytinguna, eða eins og einn sagði:
„Þetta er svo gaman, maður hittir fullt af fólki og spjallar og það eru svo brosandi konur sem gefa manni kaffi og með því. Og maður þarf ekkert að borga fyrir“.

Signý Þórðardóttir
Kópavogsklúbbi

ÁFANGAHEIMILI KVENNAATHVARFSINS

STYRKUR ÚR VERKEFNASJÓÐI SIÍ OG FRÁ EINSTÖKUM KLÚBBUM HREYFINGARINNAR

Landssamband Soroptimista hefur afhent Kvennaathvarfinu tvær milljónir til byggingar íbúða fyrir konur og börn sem hafa ekki í önnur hús að venda og hafa flúið ofbeldi á eigin heimilum.

Ingibjörg Jónasdóttir, forseti Landssambands Soroptimista afhenti gjöfina formlega þann 25. nóvember í tilefni af upphafi 16 daga alþjóðlegs átaks gegn kynbundnu ofbeldi **„Roðagyllum heiminn“,** Orange the World.

Einn af áherslukjörnum SIE er að stuðla að útrýmingu ofbeldis gegn konum. Konur sem flýja heimili sín vegna ofbeldis geta leitað í skjól Kvennaathvarfsins á Íslandi en það er neyðarúrræði og ekki ætlað til langdvalar. Konur og börn ílengjast samt þar vegna þess að þau hafa oft ekki í önnur hús að venda og fara þá jafnvel aftur inn á heimili ofbeldismannsins.

Landssamband soroptimista á Íslandi styrkir nú byggingu húss fyrir þessar konur sem eru á leiðinni úr neyðarathvarfinu.

Önnur samtök og fyrirtæki styrkja þessa byggingu einnig. Í undirbúningi er bygging íbúðarhúss með 16 íbúðum sem hugsaðar eru til leigu meðan konurnar eru að fóta sig að nýju. Þetta er ekki neyðarathvarf heldur venjulegar leiguíbúðir sen konur geta leigt í 1-3 ár. Með því að hafa aðgang að húsnæði fá þær góðan grundvöll til að byggja upp að nýju líf sitt og barnanna.

Margar konur og börn fara að sjá fram á betri tíð.

Þess má geta að einstakir klúbbar hafa einnig styrkt íbúðabygginguna en Bakka- og Seljaklúbbur hefur gefið 2 milljónir og Austurlandsklúbbur 450 þúsund.

Sigrún Ása Sigmarsdóttir
Grafavogsklubbi / tengiliður við Kvennaathvarfið

VORFUNDUR

SOROPTIMISTAKLÚBBSINS Á SUÐURLANDI

LAUGARDAGINN 1. JÚNÍ VAR LIÐUR AF VORFERÐ KLÚBBSINS

Skemmtinefnd Soroptimistaklúbbsins á Suðurlandi hafði veg og vanda af skipulagnignu vorferðar 1. júní. Lagt var af stað kl. 14:00 á lítilli rútu frá bílaplani Fjölbrautaskóla Suðurlands. Guðbjörg Runólfsdóttir var bílstjóri í ferðinni og ók hún sem leið lá austur að Þingborg þar sem Gallery Flói er til húsa og seldir eru gler- og keramiklistmunir. Galleryið rekur Fanndís Huld Valdimarsdóttir með dyggri hjálp eiginmannsins, Dagbjarts Ketilssonar. Fanndís lærði glerblástur í Svíþjóð og lauk þar 3 ára námi árið 2009. Hún er nú menntaður glerblásari. Í Svíþjóð lærði hún að búa til ofna eins og þá sem notaðir voru á víkingaöld og þessa ofna notar hún á verkstæði sínu. Hún sýndi systrum hvernig hún býr til fagurlega skreytta glerkúlu og á meðan var Dagbjartur að sinna viðskiptavinum í búðinni fyrir framan vinnustofuna því Fanndís gat ekki stoppað perlusköpunina í miðjum klíðum. Sagði hún systrum að stærri perlur búi hún bara til þegar hún er ein og ótrufluð. Á vinnustofu hennar gat að líta sveinsstykki hennar sem var 15 kílóa demantur með rúnaletri innan í. Sagðist hún hafa verið 200 vinnustundir að hanna demantinn. Systur voru dolfallnar yfir því sem fyrir augu bar og héldu glaðar ferð sinni áfram eftir að hafa kvatt þessi ungu kraftmiklu hjón og mátti nú sums staðar sjá perlur glitra á hvarmi. Áfram var haldið austur á leið, beygt upp á Skeið (Sultarskeið eins og Guðbjörg orðaði það í gamni og vísaði þar í kvæði) og haldið sem leið lá að mótum vegarins upp í Gnúpverjahrepp en þangað var ferðinni heitið. Ekið var inn í iðnaðarhverfið við Árnes og stöðvað fyrir framan hús með skilti sem á stóð Korngrís - vinnsla og sala - frá Laxárdal. Þarna tóku á móti systrum ung hjón, Björgvin Þór Harðarson og Petrína Þórunn Jónsdóttir, sem verka þarna alls konar afurðir af svínum sem þau hafa alið að mestu á íslensku korni á félagsbúinu Laxárdal í Hrunamannahreppi. Afurðirnar selja þau í búðir í nágrenninu auk þess sem þau fá pantanir frá hótelum og veitingahúsum eins og sjá mátti á pöntunarlista uppi á vegg. Einnig verða vörurnar væntanlega til sölu í Leifsstöð. Systur fengu að smakka afurðirnar sem fengu mjög góða dóma hjá þeim og þær síðan staðfestu með drjúgri verslun í búðinni. Óskuðu þær hjónunum síðan alls góðs og héldu áfram för sinni með varninginn góða í bílskottinu.

Nú var haldið áfram upp Gnúpverjahrepp og að Ásaskóla. Þar tóku á móti systrum hjónin Katrín Sigurðardóttir og Stefán Guðmundsson sem gert hafa gamla skólahúsið upp af miklum myndarskap. Var systrum boðið í bæinn og sýndi Katrín þeim ýmsa muni sem hún hafði föndrað og voru til sölu. Voru margir þeirra úr minkaskinni eða skreyttir með því enda hjónin loðdýrabændur til skamms tíma. Systur sýndu varningnum mikinn áhuga og hrifning þeirra á því sem fyrir augu bar í þessu nýuppgerða skólahúsi var ómæld. Hátt var til lofts og vítt til veggja þar sem málverk stór og smá sómdu sér vel og hljóðfæri og fallegir munir nutu sín. Systur kvöddu nú hjónin með virktum og héldu áfram óvissuferð sinni eftir þessa einstaklega ánægjulegu upplifun. Voru þær sammála um að vandfundið væri svona glæsilegt heimili.

Guðbjörg upplýsti nú að haldið yrði í „Gullhreppinn" og heim til hennar í Jörfa þar sem hún bauð systrum upp á fordrykkinn „Blautar geirvörtur" ásamt ýmsu góðgæti á pallinum í garðinum. Að því búnu var gengið til vorfundar. Í lok fundar var farið að draga ský fyrir sólu og kólnaði mjög í lofti svo Guðbjörg bauð fundarkonum í grillhúsið sitt þar sem hún kveikti upp eld og bauð upp á desertvín ásamt „gröfnu ærfile a la Guðbjörg". Upplifunin var mikil og létu systur fara vel um sig á hreindýraskinnsklæddum bekkjum og fengu að heyra tilurð þessa sérstaka grillhúss.

Þökkuðu systur höfðinglegar móttökur sem enduðu með því að enn var hlaðið í bílinn, núna risavöxnum burknum úr garði hennar sem skyldu fá að lifa áfram í garði nokkrum á Selfossi.

Haldið var nú stystu leið að Efstadal í Laugardal og snæddur þar dýrindis kvöldverður á Hlöðuloftinu, þaðan sem hægt var að sjá kýrnar í fjósinu. Kvöldverðurinn var að mestu gerður úr afurðum frá býlinu ásamt grænmeti frá Böðmóðsstöðum og gerðu systur honum góð skil þótt magamálið væri vissulega farið að minnka eftir góðgerðir dagsins.

Að máltíð lokinni var haldið til Selfoss þar sem systur kvöddust um kl. 22:30 eftir vel heppnaða vorferð.

F.h. Suðurlandsklúbbs
Brynhildur Geirsdóttir

FRÁ VERKEFNASTJÓRUM SIÍ

Á Haustfundinum að Laugarbakka í Miðfirði 27. - 29. september sl. fluttu María Björk Ingvadóttir talskona SIÍ og Hildur Jónsdóttir erindi um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og fóru þær yfir hvernig markmið SIÍ féllu að þeim. Eftir erindið stýrðu verkefnastjórar SIÍ vinnustofu.

Skipt var í vinnuhópa og voru þeir skipaðir þeim fjölda klúbba sem mættu á Haustfundinn. Í hverjum vinnuhóp voru að meðaltali 3-6 systur, úr sama klúbbi.

Tilgangur vinnuhópanna var að systur röðuðu verkefnum síns klúbbs eftir 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Afrakstur af þeirri vinnu má finna á innri vef undir „Fundir“ Haustfundir að Laugarbakka 2019 og þar undir gögn „Vinnustofa verkefnastjóra.

https://www.soroptimist.is/images/Fundir Haust/2019_Vinnustofa_verkefnastjora.pdf

KRISTÍN SJÖFN HELGADÓTTIR
ÁRBÆJARKLÚBBI

Tímamót urðu í lífi Kristínar Sjafnar Helgadóttur í ársbyrjun 1980. Halldóra Eggertsdóttir, Reykjavíkurklúbbi, sem þá var formaður útbreiðslunefndar hringdi í hana og spurði hvort hún væri fáanleg til að standa að stofnun Soroptimistaklúbbs í Árbænum. Kristín sem ekkert þekkti til Soroptimista hélt í byrjun að Halldóra væri að tala um psoriasis sjúkdóminn og skildi ekkert í því hvernig Halldóra hefði frétt að hún hefði farið til ofnæmislæknis í vikunni áður. Þegar misskilningurinn hafði verið leiðréttur samþykkti Kristín Sjöfn að hitta útbreiðslunefndina ásamt Katrínu Ágústsdóttur og Renötu Einarsdóttur. Þá var ekki aftur snúið en hafist handa við að finna konur sem áhuga hefðu á að starfa með Soroptimistum. Mjög vel gekk að safna saman konum og allur undirbúningurinn var skemmtilegur. Sátu hinar verðandi systur landssambandsfundinn í Mosfellsbæ vorið 1980 og lærðu mikið af því. Klúbburinn var síðan stofnaður þann 18. október 1980. Hlaut hann nafnið Reykjavík II. Stofnsystur voru 18 talsins. Stofnskrána afhenti Pirkko Auvinen frá Finnlandi. Sama dag var annar klúbbur, Bakka og Selja, stofnaður og fékk hann nafnið Reykjavík III. Kristín var fyrsti formaður Árbæjarklúbbsins og gegndi því embætti í 2 ½ ár en á þeim tíma var aðalfundur haldinn á vorin. Á Landssambandsfundi í Árbæ vorið 1995 lagði Kristín til að nöfnum klúbba yrði breytt og þeir kenndir við hverfin sem þeir störfuðu í. Þessi ósk var send til Evrópusambandsins og þar var tillagan samþykkt. Breyttist þá nafn Reykjavík II í Árbær. Kristínu fannst starfið í klúbbnum mjög spennandi en uppbygging og skipulag Soroptimsta ólíkt því sem hún hafði vanist í öðrum félagasamtökum sem hún hafði starfað í. Mest spennandi fannst henni að fylgjast með erlendum samskiptum sem henni þykja mjög mikilvæg. Vorið 1985 hvatti hún systur til að koma með sér á Evrópuþing í Gratz í Austurríki. Fannst henni að samskipti við erlendar konur opnaði nýja sýn á hlutverk Soroptimista og hvað við stöndum fyrir. Vill hún hvetja konur til að kynna sér betur alþjóðastarfið og fara á fundi erlendis. Kristín hitti oft sömu konurnar á fundum erlendis, kynntist þeim vel og lærði mikið af þeim.

Áður var Landssambandsfundur að vori og fulltrúafundur með formönnum að hausti. Árið 1985 stakk Kristín upp á því að hafa haustfund og varð það úr að þá um haustið var fyrsti Haustfundurinn haldinn í Munaðarnesi.
Kristín var Landssambandsforseti árin 1990-1992 og finnst nú, þegar horft er til baka, að hún hafi verið mjög ung og sér hafi verið hent út í djúpu laugina. Fyrsta verk hennar sem forseti var að uppfylla ósk Halldóru Eggertsdóttur um að samtökin eignuðust heimili en árið 1990 var stigið stórt skref í sögu Soroptimistasamtakanna þegar húsnæði að Suðurlandsbraut 22 var tekið á leigu. Þar var ágætis fundar- og skrifstofuaðstaða. Keyptur var ýmis konar búnaður m.a. var fyrsta tölva samtakanna keypt.
Fyrsta Alheimsþing sitt sótti Kristín árið 1991 en það var haldið í Nottingham á Englandi. Tungumálaerfiðleikar á fundum erlendis þóttu henni oft erfiðir og átök vegna lagabreytinga tóku stundum langan tíma.
Árið 2005 var Kristín beðin um að færa nýjum klúbbi í Þýskalandi stofnskrá sína. Klúbburinn fékk nafnið Münsterland West og fór afhendingin fram 27. ágúst 2005. Var það skemmtileg reynsla.
Varðandi breytingar á starfsemi samtakanna finnst Kristínu þróun nauðsynleg og breytingar flestar vera í rétta átt en þær gangi of hægt, meira sé talað en minna framkvæmt. Sem dæmi nefnir hún stofnun fimmta Landssambandsins, Afríku, sem búin er að vera mjög lengi á döfinni. Einnig þykir Kristínu breytingar á samtökunum ekki endilega allar vera til bóta. Sem dæmi finnst henni fyrirhugaðar breytingar hjá Evrópusambandinu þess efnis að verðandi forseti taki við ef forseti forfallast ekki vera rökréttar. Einnig er hún ekki hliðholl stofnun e-klúbba. Hún telur að persónuleg samskipti séu mikilvæg og ekki megi gleyma þeim. Ekki sé gott að breyta breytinganna vegna.
Kristín segir að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni. Starfið núna finnst henni mjög spennandi, margar kraftmiklar og duglegar ungar konur, fullar af áhuga setji skemmtilegan svip á starf Soroptimista. Hvetur hún klúbba að lokum til þess að við gerum meira fyrir okkur sjálfar, hugsa um okkur svo við getum hjálpað öðrum.

Formaður Soroptimistaklúbbsins í Antwerpen og systir sem skipulagði ráðstefnuna

Soroptimistasysturnar Ragna og Pascale

SOROPTIMISTAR OG APPELSÍNUGULA BYLTINGIN GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Ráðstefna á vegum Evrópusamtaka Family Justice Center sem Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis eru hluti af var haldin dagana 13. til 15. nóvember sl. í Antwerpen í Belgíu. Aðalstyrktaraðilar ráðstefnunnar voru Soroptimistar í Belgíu, í tilefni að 16 daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Undirrituð sótti ráðstefnuna sem fulltrúi Bjarkarhlíðar en ég hafði endurnýjað aðild mína að Soroptimistum í Árbæ fyrr í mánuðinum. Ég fylltist því miklu stolti að sjá systur klæddar í appelsínugult á fyrsta ráðstefnudeginum að kynna samtökin fyrir ráðstefnugestum. Soroptimistar í Antwerpen hafa stutt dyggilega við starf Family Justice Center þar í borg en miðstöðin er sú stærsta og reynslumesta í Evrópu. Forstöðukona og frumkvöðull að miðstöðinni í Antwerpen heitir Pascale Franck. Hún hefur tekið þátt í starfi Soroptimista í langan tíma en hún er félagsráðgjafi að mennt.

Samtökin héldu móttöku fyrir ráðstefnugesti að loknum fyrsta degi þar sem borgarstjóri Antwerpen bauð fólk velkomið og Soroptimistasystur kynntu starf sitt og fyrirhugað 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. En auk ráðstefnunnar verða merkar byggingar í Antwerpen lýstar í appelsínugulum lit. Það er einstakt að fá tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegri samstöðu og vitundarvakningu um alvarleika ofbeldis á líf kvenna og barna, málaflokki sem ég hef unnið í sem félagsráðgjafi í fjölda ára.

Appelsínugular baráttukveðjur

Ykkar systir, Ragna Björg Guðbrandsdóttir
Soroptimistaklúbbi Árbæjar

HEKLAÐAR BÓMULLARSKÍFUR

ÆTLAÐAR TIL AÐ HREINSA FARÐA AF ANDLITI

Í þessar skífur henta allar gerðir af bómullargarni. Hentugt er að þvo þær saman í netpoka.

Efni og áhöld
- Bómullargarn
- Heklunál sem hentar garninu

Uppskrift
Athugið að fyrsti stuðull hverrar umferðar er myndaður með 2 loftlykkjum.
Hver umferð endar á 1 keðjulykkju í fyrsta stuðul umferðar, til að loka hringnum.

Heklið 6 loftlykkjur og tengið í hring með 1 keðjulykkju.
1. umferð: Heklið 2 loftlykkjur (þær samsvara fyrsta stuðlinum) og síðan 9 stuðla utan um hringinn, tengið í hring með 1 keðjulykkju í fyrsta stuðul.
2. umferð: Heklið 2 stuðla í hvern stuðul fyrri umferðar.
3. umferð: Heklið til skiptis; 1 stuðul og 2 stuðla, í hvern stuðul fyrri umferðar.
4. umferð: Heklið hálfstuðul í hvern stuðul fyrri umferðar.
5. umferð: Heklið 3 loftlykkjur hoppið yfir 1 stuðul, 1 keðjulykkju í næsta stuðul, endurtakið út umferðina.
Slítið garnið frá og gangið frá endum.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni.

Við gleðjumst yfir því að viðskiptavinir okkar séu ánægðari.